



| |
|-------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Ab. 51 SDK |
| 28. feb. 2013 |
| 8.6.1 |
| Tilv. UST/2013/30300017 |

Reykjavík, 27. febrúar 2013

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Varðar: Starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð á Neskaupstað, Fjarðabyggð

Óskað er eftir endurnýjun og sameiningu starfsleyfa fyrir olíubirgðastöð félagsins á Neskaupstað.

Um er að ræða starfsleyfi sem annars vegar var gefið út til Olíudreifingar 2.1.2006 og hins vegar starfsleyfi sem gefið var út til Íslenskrar olíumiðlunar þann 22.03.2005 og Olíudreifing yfirtók í framhaldi af kaupum á olíubirgðastöð Íslenskrar olíumiðlunar sbr tilkynningu til stofnunarinnar dags 30.10.2008.

Sótt er um heimild til geymslu á allt að 2.130 m³ af olíu í stærsta geymi í þró A (gömlu þró) og allt að 8.000 m³ af olíu í stærsta geymi í þró B (ÍOM þró). Auk þess er sótt um leyfi til móttöku á úrgangsolíu.

Ekki er sótt um heimild til geymslu á bensíni.

Í samræmi við 10. grein reglugerðar 785/1999 msb um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eru eftirfarandi upplýsingar veittar:

- lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og uppdrættir af staðsetningu,
 - Tekið á móti, geymd og afgreidd olía auk móttöku á úrgangsolíu samkvæmt verklagsreglum, sem samræmast reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, ISO 14001 staðalinn, ISGOTT, International Safety Guidelines on Oil Tankers and Terminals og eru vottaðar í samræmi við ISO 9001:2008 staðalinn*
- Afrit af staðfestu deiliskipulagi
 - Deiliskipulag fyrir svæðið er í auglýsingu, sjá http://fjardabyggd.is/media/PDF/004_121220_Dsk_Naust_nordfjardar_hofn_DSK_A1_2.pdf. og er frestur til athugasemda til 7. mars 2013.
- lýsing á staðháttum við vinnslustað,
 - Skip leggst að loðnubryggju og losar í geyma stöðvarinnar í gegnum lagnir. Afgreitt er beint í skip og í loðnubræðslu í gegnum lagnir og á bíla, sem standa á áfylliplani stöðvarinnar.*
- Upptalning á hraéfnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd
 - Stöðin meðhöndlar Gasolíur og svartolíu, UN no 1202 ásamt úrgangsolíu UN no 1999.*
 - Dælur stöðvarinnar og lýsing og annar búnaður er rafdrifinn*
- lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, og greinargerð um áhrif losunar á umhverfið,
 - Losun fer í fráveitukerfi bæjarins.*
 - Áhrif losunarinnar má m.a. lesa á vef UST:*
http://eldri.ust.is/media/ljosmyndir/mengun/Olia_-_upplys._til_fjolmidla.pdf


Olíudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999

- f. lýsing á þeim mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra eða draga úr losun,
- *Reglubundið eftirlit er með lekum og öðrum umhverfisþáttum, frárennsli fer í gegnum viðurkennda olíuskilju sem eru í reglubundnu eftirliti og þjónustu og geymar standa í lekaþró sbr reglugerð nr 35/1994.*
- g. lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið,
- *Olíuskiljur eru virkniþróaðar í eftirliti, lagnir eru þrýstiprófaðar á 5 ára fresti og geymar þykktarmældir á 10 ára fresti skv reglugerð 35/1994, auk daglegs, vikulegs og mánaðarlegs eftirlits.*
- h. lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið,
- *Reglubundið eftirlit er skráð á eftirlitsblöð sem skilað er inn til aðalstöðva mánaðarlega og haldið er utan um annað eftirlit í sérstöku eftirlitsforriti á aðalskrifstofu, auk innri úttekta í samræmi við ISO staðlana*
- i. lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt upplýsingum og lýsingu á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs, ef þörf er á,
- *Þeim spilliefnum sem gætu myndast við afgreiðslur, eins og olíumengaðar tuskur, er safnað í sérstök spilliefnakör, sem tæmd eru reglulega af viðurkenndum aðilum í samræmi við úrgangsáætlun fyrirtækisins*
- j. Lýsing á tegund og magni úrgangs, þmt spilliefna,
- *Úrgangsolía myndast við undantöppun um 1.000 ltr á ári og olíumengaður úrgangur við þrif. Magn hefur ekki verið mælt, en með samningi við Hringrás er mæling á framleiðslu spilliefna hafin.*

Ef einhverjar spurningar vakna eða frekari upplýsinga er óskað, endilega hafið Ef einhverjar spurningar vakna eða frekari upplýsinga er óskað, endilega hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst,
f.h. Olíudreifingar ehf.



Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi